



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

## Sjálfsmat skólaárið 2010 – 2011



Skýrsla sjálfsmatshóps

Umsjón: Unnar Örn Þorsteinsson

## Efnisyfirlit

	bls
Matsyfirlit .....	3
Aðgerðaáætlun .....	6
Inngangur .....	12
Aðferð við mat .....	13
Þróun matstækja .....	15
Val þátttakenda.....	16
Gagnasöfnun .....	17
Greining gagna .....	18
Útkoma .....	18
Kennara/áfangamat.....	18
Opin spurning í áfangamatinu .....	18
Starfsmannasamtöl, endurmenntun og starfsþróun .....	19
Mötuneyti Flensborgarskólans vorið 2011 .....	20
Útskriftarnemar, vorið 2011 .....	20
Hlýtt á starfsmenn .....	20
Hlýtt á nemendur .....	20
Skýrslur deilda.....	21
Niðurstöður/umræða.....	25
Lokaorð og ábendingar.....	30
Heimildir.....	32
Viðauki (sjá hefti með viðaukum).....	
Viðauki 1 Kennaramat/Áfangamat.....	
Viðauki 2 Mötuneyti Flensborgarskólans vorið 2011 .....	
Viðauki 3 Starfsmannasamtöl, endurmenntun og starfsþróun .....	
Viðauki 4 Útskriftarnemar, vorið 2011 .....	
Viðauki 5 Hlýtt á starfsmenn.....	
Viðauki 6 Hlýtt á nemendur .....	
Viðauki 7 Skýrsla samfélagssviðs 2010-2011 .....	
Viðauki 8 Skýrsla málavíðs 2010-2011 .....	
Viðauki 9 Skýrsla raungreinasviðs 2010-2011 .....	
Viðauki 10 Skólasamningur .....	
Viðauki 11 Dreifing einkunna.....	
Viðauki 12 Skammtíma-sjálfsmatsáætlun .....	
Viðauki 13 Langtíma-sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 14 Skólasamningur .....	
Viðauki 15 Samantekt úr starfsmannasamtölum .....	
Viðauki 16 Fyrsta ölvunin. Flensborgarskóli .....	

# Matsyfirlit/helstu niðurstöður/útkoma

Megin útkoma úr sjálfsmati við Flensborgarskólann í Hafnarfirði skólaárið 2010 – 2011 er eftirfarandi:

## Niðurstöður skólans

### Fyrirlestrar

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Þetta var góður áfangi.	165	343	128	47	47	0	730	3,73	1,08
Lesefni áfangans reyndi á mig.	181	329	153	47	19	0	729	3,83	0,96
Ég skrúpaði meira í þessum áfanga en öðrum.	21	39	131	128	414	0	733	1,81	1,09
Ég lagði meira á mig í þessum áfanga en öðrum.	101	257	284	63	23	0	728	3,48	0,94
Ég fékk reglulega vitnisburð um námslega stöðu mína í áfanganum.	108	286	219	70	47	0	730	3,46	1,06
Kennarinn var tilbúinn að breyta áætlun til að koma til móts við þarfir nemenda.	135	210	243	84	58	0	730	3,38	1,15
Það var auðvelt að skilja aðallesefni áfangans.	97	269	187	111	65	0	729	3,30	1,15
Verkefni hjálpuðu mér að skilja námsefnið betur.	205	325	130	38	33	0	731	3,86	1,03
Námsefni áfangans var of erfitt fyrir mig.	53	121	291	194	71	0	730	2,85	1,04
Markmið áfangans voru vel útskýrð.	132	330	174	53	37	0	726	3,64	1,02
Námsefnið féll vel að markmiðum áfangans.	154	347	187	22	17	0	727	3,82	0,88
Nemendur fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga.	309	283	78	31	24	0	725	4,13	0,99
Kennarinn nýtti kennslustundirnar vel.	308	272	94	37	17	0	728	4,12	0,98
Mér fannst auðvelt að spyrja spurninga í þessum tímum.	238	245	142	63	39	0	727	3,80	1,15
Það var nauðsynlegt að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu.	337	256	111	13	10	0	727	4,23	0,87
Ég bjó mig vel undir tíma í þessum áfanga.	54	232	328	80	30	0	724	3,28	0,91
Kennarinn fylgdi kennsluáætlun vel eftir.	195	375	137	13	6	0	726	4,02	0,78
Þessi kennari var framúrskarandi.	201	235	175	48	69	0	728	3,62	1,22
<b>Samtals</b>	<b>2994</b>	<b>4754</b>	<b>3192</b>	<b>1142</b>	<b>1026</b>	<b>0</b>	<b>13108</b>	<b>3,57</b>	

### Hvað líkaði þér best við þennan áfanga?

- Kennarinn (54/285)
- Námsfni (80/285)
- Einstök verkefni (29/285)
- Álag (21/285)
- Kennsluáætlun (15/285)
- Kennslustofan (13/285)
- Ekkert (36/285)
- Annað (37/285)

### Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga?

- Kennarinn (40/276)
- Námsfnið (56/276)
- Einstök verkefni (31/276)
- Álag (61/276)
- Kennsluáætlun (5/276)
- Kennslustofan (5/276)
- Ekkert (49/276)
- Annað (29/276)

### Hvernig heldur þú að það sé hægt að bæta þennan áfanga?

- Kennarinn (19/226)
- Námsfnið (58/226)
- Einstök verkefni (31/226)
- Álag (38/226)
- Kennsluáætlun (9/226)
- Ekkert (52/226)
- Annað (29/226)

### Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

- Kennarinn (15/147)
- Námsfnið (14/147)
- Einstök verkefni (8/147)
- Álag (4/147)
- Kennslustofan (2/147)
- Ekkert (89/147)
- Annað (10/147)

### Endurmenntun og þjálfun kennara (EÞK)

- 76% þátttakenda segja að sú þjálfun sem þeir hafi fengið nýtist vel í starfi.
- 49% þátttakenda segja að yfirmenn hvetji þá til endurmenntunar og starfsþróunar.
- 51% þátttakenda segist fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína t.d. með því að sækja námskeið.
- 29% þátttakenda segjast hvattir til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun.
- 37% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar.

- 86% þátttakenda segja að undirbúningstími fyrir starfsmannaviðtalið hafi verið hæfilegur.
- 85% þátttakenda segja að undirbúningsblaðið hafi komið sér vel.
- 82% þátttakenda segja að framkvæmdin á viðtalinu hafi verið góð.
- 77% þátttakenda segja að þættir sem rætt var um hafi verið gagnlegir.
- 66% þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali.
- 57% þátttakenda telja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

### Endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EÞS)

- 58% þátttakenda segja að sú þjálfun sem þeir hafi fengið nýtist vel í starfi.
- 34% þátttakenda segja að yfirmenn hvetji þá til endurmenntunar og starfsþróunar.
- 75% þátttakenda segjast fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína t.d. með því að sækja námskeið.
- 34% þátttakenda segjast vera hvattir til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun.
- 33% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar.
- 83% þátttakenda segja að undirbúningstíminn fyrir starfsmannaviðtalið hafi verið hæfilegur.
- 91% þátttakenda segja að undirbúningsblaðið hafi komið sér vel.
- 83% þátttakenda segir að framkvæmdin á samtalinu hafi verið góð.
- 92% þátttakenda segja að þættir sem rætt var um hafi verið gagnlegir.
- 75% þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali.

- 50% þátttakenda telja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

#### **Mötuneyti – starfsfólk**

- 80% er sátt við gæði salatbarsins.
- 41% er sátt við gæði súpu og brauðs.
- 51% er sátt við gæði á heitum mat.
- 57% er sátt við annað sem í boði er.
- 58% er sátt við vöruúrval.

#### **Mötuneyti – nemendur**

- 64% er sátt við gæði salatbarsins.
- 50% er sátt við gæði súpu og brauðs.
- 49% er sátt við gæði á heitum mat.
- 62% er sátt við annað sem í boði er.
- 61% er sátt við vöruúrval.

#### **Útskriftarnemar**

- Eru ánægðir með þá menntun sem þeir fá.
- Eru ánægðir með aðstöðu til náms.
- 35% útskriftarnema hyggja á háskólanám næsta haust.

#### **Hlýtt á starfsmenn (styrkleikar).**

- Jákvæðari ímynd skólans.
- Betra skipulag.
- Betri vinnuandi.

#### **Hlýtt á nemendur (Heilsueflandi skóli).**

- Nemendur eru meðvitaðir um verkefnið.
- Nemendur tóku eftir breytingum í mötuneyti.
- Nemendur vilja hafa val um hollustu í matarræði.
- Nemendur telja að með fræðslu sé mögulegt að fá þá til að hreyfa sig meira.

#### **Hlýtt á nemendur (skólasókn)**

- Kostur að fá einingu fyrir viðveru.
- Ókostur að missa einingu vegna ófullnægjandi viðveru.
- Kerfið mætti vera sveigjanlegra.
- Þeir sem ekki hafa áhuga á náminu mæta illa.
- Ráp í kennslustundum virðist ekki trufla nemendur.
- Skiptar skoðanir á hvort skólasókn eigi að vera hluti af einkunn í áfanga.
- Nemendur töldu að ekki væru allir foreldrar sáttir við vottorðakerfið.

#### **Skýrslur deilda (raungreinasvið)**

- Innleiðing nýrrar stærðfræðileiðar fyrir félags- og málabrautir fór fram í vetur. Kennt námsefni sem tekið var saman af kennurum skólans.
- Kennt nýtt námsefni í STÆ 403 og STÆ 503 sem tekið var saman af kennurum.
- NÁT-áföngunum var breytt þannig að nemendur á náttúrufræðibraut sitja ekki þessa áfanga heldur fara beint í efna-eðlis-, jarð- og líffræði.
- Raungreinakennarar hafa verið í vettvangsnámi og ýmsir nýir kennsluhættir verið prófaðir í kjölfar þess.
- Umræða um hvernig skal raða nýnemum í byrjunaráfanga þegar samræmd próf vantar.
- Einkunnir ekki sambærilegar á milli skóla.
- Mætingar- og agamál mikið í umræðunni.

#### **Skýrslur deilda (málasvið)**

- Töluvert er um nýtt námsefni á málasviði.
- Minna er um að sleppikerfi sé notað.
- Mikið rætt um erfiðleika með stóra hópa.
- Umræða um röðun nýnema í byrjunaráfanga og þau viðmið sem þar liggja til grundvallar bæði í 103 og 102 áföngum í tungumálum.
- Ítrekað kemur fram að nemendur hafi illa sinnt námi sínu þennan vetur.

#### **Skýrslur deilda (félagsgreinasvið)**

- Félagfræðikennarar leggja aukna áherslu á ferilmöppur.
- Í íþróttum er áherslan í tímum á aukna hreyfingu, hærri ákefð og fjölbreytni í tímum.
- Íþróttatímar urðu þrisvar í viku í stað tvisvar.
- Í lífsleikni voru teknar upp ferilmöppur.
- Kennari í matreiðslu vekur athygli á því að það sé hægt að tengja þetta

- fag betur verkefni um heilsuefandi skóla, t.d. með heilsufæði áfanga.
- Helsta nýbreytni í sögu var samstarf við DAN 303 en þar kom sögukennari inn í áfangann og kenndi sögu Norðurlanda, með sérstaka áherslu á sögu Danmerkur.
  - Í SÁL 313 var samstarf við öldrunarþjónustu Hafnarfjarðar aukin.
  - Nýr framhaldsáfangi var kenndur á árinu í uppeldisfræði, UPP 203.
  - Það vantar að uppfæra tölvuforrit fyrir verklegar fjölmiðlagreinar.
  - Gaflarinn.is tók til starfa og flutti fréttir af skólalífinu.
  - Kennarar í UMS101 funduðu og leggja fram ýmsar tillögum um mögulegar leiðir til að bæta þennan áfanga.
  - Farið er að kenna á nýtt bókhaldskerfi í viðskiptagreinum, netbokhald.is.

## Starfsmannasamtöl

- Almennt góð líðan í starfi og starfsánægja.
- Mikil gróska innan einstakra faga og sviða
- Þarf að endurskoða vinnulag og vinnureglur í kringum skólasókn og agamál.
- Kallað á breytt fundaskipulag, færri stóra fundi og að færa fundi meira inn á einstaka svið.
- Vantar meiri sýnileika stjórnenda og hrós frá stjórnendum.
- Gagnrýni á mikinn niðurskurð og stóra námshópa, minni þjónusta við nemendur.
- Kallað eftir endurbótum á tölvum og tölvukerfi skólans.
- Mikið álag og vaxandi á öllum starfsmönnum vegna niðurskurðar.
- Mikið álag í ræstingu vegna veikinda og forfalla.

## Aðgerðaáætlun

Líkt og undanfarin ár var útkomu úr kennaramati síðasta skólaárs komið til viðkomandi kennara eins fljótt og mögulegt var. Útkoman bar með sér að ekki var þörf á sérstökum aðgerðum meðal alls hópsins en þörf á að einstaka kennarar skoðuðu sérstaklega ákveðna þætti. Kennarar eru almennt hvattir til að skoða útkomuna ítarlega, taka hana til umræðu og meta viðbrögð. Hvað er vel gert, hvað er ekki eins vel gert, hvað má betur fara og aðra þætti sem fram koma í matinu.

Sviðsstjórar áttu viðtöl við kennara um áfangamatið í tengslum við starfsmannasamtöl vorannar. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna og í starfsmannasamtölum var lögð áhersla á að kennarar skoði tölulegar upplýsingar og ábendingar í opnum spurningum vel og meti hvernig rétt er að

bregðast við. Í starfsmannasamtölum að ári verður tekið upp hvernig til hafi tekist í þeim tilfellum þar sem viðbragða var þörf.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun kennara (EPK) kom í ljós að 76% telja að sú þjálfun, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi; 49% telja að yfirmenn hvetji þá til EPK. Fimmtíu og eitt prósent þátttakenda segist fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína, t.d. með því að sækja námskeið og 29% þátttakenda segjast hvött til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun; 37% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Áttatíu og sex prósent þátttakenda segja að undirbúningstími fyrir starfsmannaviðtalið hafi verið hæfilegur og 85% segja að undirbúningblaðið fyrir viðtalið hafi komið sér vel, auk þess sem 82% þátttakenda eru ánægð með framkvæmdina á starfsmannaviðtalinu og 77% segja að þeir þættir, sem rætt var um, hafi verið gagnlegir. Sextíu og sex prósent þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali og 57% segja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun annarra starfsmanna (EPS) kom í ljós að 58% þátttakenda segja að sú þjálfun sem þeir hafi fengið nýtist vel í starfi og 34% þátttakenda segja að yfirmenn hvetji þá til endurmenntunar og starfsþróunar. Sjötíu og fimm prósent þátttakenda segjast fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína, t.d. með því að sækja námskeið; 34% segjast vera hvött til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun og 33% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Áttatíu og þrjú prósent þátttakenda segja að undirbúningsblaðið fyrir starfsmannaviðtalið hafi komið sér vel og 83% segja að framkvæmdin á starfsmannaviðtalinu hafi verið góð. Níutíu og tvö prósent þátttakenda segja að þeir þættir, sem rætt var um, hafi verið gagnlegir. Sjötíu og fimm prósent þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali og 50% telja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

Skólameistari og mannauðsstjóri fóru yfir ofangreindar niðurstöður EPS hjá kennurum og öðru starfsfólki. Niðurstöðurnar voru bornar saman við samsvarandi könnun frá síðasta ári og þróun milli ára skoðuð ítarlega. Á grundvelli þess voru viðbrögð ákveðin í samráði við aðra stjórnendur og sviðsstjóra. Fræðsluáætlun næsta skólaárs byggist á þessum niðurstöðum ásamt niðurstöðum úr starfsmannasamtölum. Skólameistari þarf

að huga sérstaklega að leiðum til að hvetja starfsfólk enn frekar til endurmenntunar og starfsþróunar. Hér fyrir neðan má sjá áætlun um viðbrögð:

### **Fræðsla og samstarf**

- Fundarformi breytt, færri stórir fundir (2-3x á önn), fastir fundir 2x í mánuði fyrir minni fundi (svið/vaktir). Byrjar strax í upphafi haustannar 2011.
- Dagskrá funda sett á sameiginlegan vef ásamt helstu punktum úr fundargerðum þegar nýr Sharepoint vefur verður kominn í notkun, vonandi í upphafi árs 2012.
- Örnámskeið á haustönn – 2 klst verður í byrjun nóvember 2011. Stutt hagnýtt námskeið þar sem starfsfólk miðlar sín á milli.
- Miðlun mannauðs á vorönn – í febrúar 2012. Skapað rými fyrir starfsfólk sem lokið hefur námi/námskeiðum til að miðla helstu niðurstöðum til samstarfsfólks.
- Frekari þróun á fræðsluferðum sviða/deilda í tengslum við Vakningardaga nemenda – í byrjun mars 2011.

### **Stjórnun**

- Byrja fyrr á starfsmannasamtölum, strax í janúar, undirbúa í nóvember 2011.
- Þróa áfram form og áherslur í starfsmannasamtölum. Nýjar áherslur í samtalsramma. Undirbúa í nóvember og desember, kynna starfsfólki í janúar 2012.
- Nýtt skipurit og ábyrgðartöflu þarf að kynna fyrir starfsfólki sem fyrst, í síðasta lagi í lok haustannar 2011
- Styrkja stöðu sviðsstjóra/millistjórnenda til að fylgja eftir þeim málum sem koma fram í samtölum sem og í daglegu starfi, t.d. um skipulag funda og námskeiða innan hvers sviðs fyrir sig. Hver sviðsstjóri hafi yfir ákveðnum fjárstyrk að ráða til endurmenntunar í samráði við sitt svið. Haustönn 2011.
- Þróa leiðir fyrir skólameistara/stjórnendur til að fylgjast með því sem vel er gert í starfi/kennslu og hrósa/umbuna markvisst fyrir. Þróa á haustönn 2011.

### **Annað**

- Tölvur og serverar endurnýjaðir eins og kostur er, haust 2011.,
- Starfsandi viðfangsefni mánuð í senn – aðili/aðilar innan starfsmannahópsins standi fyrir uppkomum fyrir alla starfsmenn þann mánuðinn með það að markmiði að styrkja liðsheildina, vorönn 2012.

Útskriftarnemendur vorið 2011 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum (92%) en 35% nemenda hyggja á háskólanám haustið 2011. Samsvarandi hlutfall var 29% í könnun síðasta árs. Lagt er til að nemendur séu sérstaklega hvattir til þess að halda í einhverskonar framhaldsnám að loknu stúdentsprófi. Í mati næsta árs verði jafnframt stefnt að því að skoða sérstaklega, t.d. með rýnihópi, hvers vegna svo hátt hlutfall nýstúdentna velur að taka sér hlé frá námi.

Í verkefninu Hlýtt á starfsmenn kom fram það mat að ímynd skólans í samfélaginu væri jákvæð og færi batnandi. Skipulag á starfsemi skólans sé betra og vinnuandi innan stofnunarinnar sé betri. Lagt er til að haldið verði áfram á sömu braut við að byggja upp og bæta viðhorf til skólans, skipulag og vinnuanda.

Í verkefninu Hlýtt á nemendur kom fram að þeir eru meðvitaðir um verkefnið Heilsueflandi skóli, og tóku eftir breyttu vöruframboði í mötuneyti skólans. Nemendur vilji val um hollustu í matarræði. Nemendur telja að með fræðslu og kynningum sé mögulegt að fá þá til að hreyfa sig meira. Lagt er til að stýrihópur verkefnisins leggi aukna áherslu á að virkja stærri hóp nemenda til beinnar þátttöku við framkvæmd og útfærslu verkefnisins á næsta skólaári þegar áherslan verður á hreyfingu. Það verður m.a. gert með því að stækka þann stýrihóp sem stendur þar að baki, bæta inn fulltrúa nemenda, foreldra og forvarnafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar.

Þegar niðurstöður lágu fyrir úr könnun á mötuneyti skólans meðal nemenda og starfsmanna var fundað með stjórnanda mötuneytis og farið yfir niðurstöður úr fjölvalsspurningum sem og ábendingar úr opnum spurningum. Áhersla var lögð á að bregðast strax við þeim ábendingum sem komu fram. Það voru gerðar vissar breytingar á vöruframboði og áherslum. Þar má nefna aukna fjölbreytni í framboði ávaxta og að gera þá enn sýnilegri í söluborði, meiri áherslu á framboð á grófu brauði, aukna fjölbreytni í samsetningu salatbars og matseðils.

Um skólasókn kom fram að það sé kostur að fá einingu vegna góðrar skólasóknar, en það væri jafnframt ókostur að missa einingu þegar viðvera væri álitin ófullnægjandi. Nemendur benda á að kerfið mætti vera sveigjanlegra. Þeir sem ekki hafa áhuga á náminu mæti illa og hvaða skólasóknarreglur séu í gildi skipti þar ekki endilega mestu máli heldur hvernig takist til við að kveikja áhuga þeirra í náminu.

Ráp í kennslustundum virðist ekki trufla nemendur mikið og skiptar skoðanir eru um hvort skólasókn eigi að vera hluti af einkunn í áfanga. Fram kemur það mat nemenda að ekki séu allir foreldrar sáttir við vottorðakerfið. Lagt er til að allar skólareglur og reglur tengdar skólasókn verði teknar til ítarlegrar umræðu innan starfsmannahópsins og með foreldraráði skólans með það í huga að samræma betur allar reglur, verklag, eftirfylgni og aðhald þar sem ekki virðist vera bein ástæða til að kollvarpa núverandi reglum. Áfram verður hvatt til samráðs og samræmis í framkvæmd og eftirfylgni reglna meðal starfsfólks. Liður í því er t.d. að auka tækifæri til samráðs með smærri fundum en áður, fög og deildir hittist til að miðla markvisst sín á milli undir stjórn sviðsstjóra.

Skýrslur deilda (raungreinasvið). Innleidd var ný leið í stærðfræði fyrir félags- og málabrautir skólans. Námsfni er í meira mæli tekið saman af kennurum og nýtt námsfni var notað í STÆ 403 og STÆ 503. Búið er að breyta nát-áföngum þannig að nemendur á náttúrufræðibraut sitja ekki þessa áfanga heldur fara beint í efna-, eðlis, jarð- og líffræði. Raungreinakennarar hafa verið í vettvangsnámi og hafa prófað ýmsa nýja kennsluhætti í kjölfar þess. Rætt var hvernig raða ætti nýnemum í byrjunaráfanga þegar samræmd próf vantar og svo virðist sem einkunnir milli grunnskóla séu ekki sambærilegar. Mætingar- og agamál voru mikið rædd innan raungreinasviðsins. Sviðsstjóri raungreina mun í samráði við stjórnendur og kennara á raungreinasviði meta hvernig þróa megi áfram starf innan sviðsins skólaárið 2011-2012.

Skýrslur deilda (málasvið). Töluvert er um nýtt námsfni á málasviði, bæði nýjar námsbækur og eins nýjar nálganir. Þýskudeild hefur smám saman verið að skipta út sínum námsbókum á undanförunum önnur. Kennarar dönsku-og enskudeildar hafa í auknum mæli búið til sitt eigið efni og kennarar í ensku, dönsku, frönsku og spænsku nota mikið efni af netinu til kennslu til viðbótar við hefðbundnar kennslubækur. Þá hafa íslenskukennarar notað ýmsa leiki, einkum til að þjálfra stafsetningu í byrjendahópum. Minna er nú um að sleppikerfi sé notað en áður. Margir kennarar eru hættir að nota það og tala um mikið álag við annarlök því samhliða. Reyndar kemur einnig fram að nemendur leggi sig ekki eins fram við skyndipróf og í sleppikerfinu. Mikið er rætt um erfiðleika með stóra hópa, einkum hægferðarhópa í dönsku og íslensku. Þar hefur verið mikið álag á kennurum og fall í þeim áföngum er mikið. Í tengslum við það koma einnig fram ábendingar um að forðast beri að nemendur með „forsögu“ raðist margir í sömu

hópana. Umræða var um röðun nýnema í byrjunaráfanga og þau viðmið sem þar liggja til grundvallar bæði í 103 og 102 áfanga. Ítrekað kemur fram að nemendur hafi illa sinnt námi sínu þennan vetur, einkum á vorönn – mætt illa, skilað verkefnum seint og illa – og almennt sýnt náminu og skólanum lítinn áhuga. Sviðsstjóri málasviðs mun í samráði við stjórnendur og kennara á málasvið meta hvernig þróa megi áfram starf innan sviðsins skólaárið 2011-2012.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið). Félagsfræðikennarar leggja aukna áherslu á ferilmöppur. Í íþróttum er áherslan í tímum á aukna hreyfingu, meiri ákefð og fjölbreytni í tímum. Þetta gekk vel og er stefnan að halda þessu áfram þannig að nemendur finni sjálfir að þeir séu í betra formi. Íþróttatímar urðu þrisvar í viku í stað tvisvar á vorönn og skilaði það sér í mælanlegum árangri í þoli margra nemenda. Töluverðar breytingar voru gerðar í lífsleikni milli vor- og haustannar. Teknar voru upp ferilmöppur og reyndist það vel. Þetta verður þróað áfram á næstu önnum. Kennari í matreiðslu vekur athygli á því að það sé hægt að virkja þetta fag betur verkefni um heilsueflandi skóla, t.d. með heilsufæðiáfanga. Helsta nýbreytni í sögu var samstarf við DAN 303 en þar kom sögukennari inn í áfangann og kenndi sögu Norðurlanda með sérstakri áherslu á sögu Danmerkur. Í SÁL 313 var samstarf við öldrunarþjónustu Hafnarfjarðar aukin. Nýr framhaldsáfangi var kenndur á árinu í uppeldisfræði, UPP 203. Það vantar að uppfæra tölvuforrit fyrir verklegar fjölmiðlagreinar og bæta aðstöðu. Gaflarinn.is tók til starfa og flutti fréttir af skólalífínu. Kennarar í UMS 101 funduðu og leggja fram ýmsar tillögur um mögulegar leiðir til að bæta þennan áfanga. Farið er að kenna á nýtt bókhaldskerfi í viðskiptagreinum, netbokhald.is. Kosturinn við nýtt kerfi er að það er einfaldara en það sem var kennt áður og er einnig aðgengilegt á netinu. Sviðsstjóri félagsgreinasviðs mun í samráði við stjórnendur og kennara á félagsgreina-sviði meta hvernig þróa megi áfram starf innan sviðsins skólaárið 2011-2012.

Í ljósi niðurstaðna í skýrslum fagdeilda og sviða er lagt til að verklags-og vinnureglur í kringum skólasókn og agamál nemenda verði yfirfarin og samræmd enn betur innan skólans. Þetta er samhljóma tillögu til aðgerða vegna niðurstöðu úr umræðu um skólasókn í verkefninu Hlýtt á nemendur og úr starfsmannasamtölum. Í ljósi þess sem fram kemur í skýrslum sviða er því beint til kennara að reyna að meta með skipulegum hætti reynslu af öllum þeim fjölmörgu þróunarverkefnum sem einstaka

kennarar eða hópar eru að vinna að í sinni kennslu. Einnig er lagt til að auka kynningu innan sviða og meðal kennara almennt frá þeim sem eru og hafa verið að bæta við sig heildstæðu námi eða námskeiðum. Sviðsstjórar í samvinnu við skólameistara forgangsraða úrbótaverkefnum sem kosta aukin rekstrarútgjöld.

Að síðustu er mælt með að unnið verði skipulega að því að mæla hvort áherslum úr skólasamningi skólans fyrir næsta skólaár verði náð. Áherslur varðandi nemendur, nám, kennslu, stjórnun, fjármál, rekstur og aðbúnað og samskipti við aðra í skólasamningi verði grunnþættir í endurskoðuðu verkferli kringum sjálfsmat skólans.

## Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirku umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólastarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á grunnhugmyndum Kurt Lewine um „starfendarannsóknir“ (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefnin, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt. Í öllu sjálfsmatsferlinu er einnig byggt á löngu samstarfi skólans við Dr. Penelope Lisi og Dr. Sigurlínu Davíðsdóttur.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2010 voru Einar Birgir Steinþórsson skólameistari, Magnús Þorkelsson aðstoðarskólameistari, Hrefna Geirsdóttir áfangastjóri, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Adda María Jóhannsdóttir kennari í ensku, Guðmunda Birgisdóttir kennari í sálfræði og Hildur Einarsdóttir kennari í efnafræði og Bryndís Jónsdóttir mannauðsstjóri. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta,

stjórna og skipuleggja verkefni, afla gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslur. Unnar Örn Þorsteinsson stýrði vinnu sjálfsmatshópsins.

Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram komu á skólaárinu. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var framkvæmt áfangamat á raungreinasvið skólans. Á vorönninni var sjálfsmatsáætlun fylgt frekar eftir og frekari gögnum safnað um raungreinasviðið. Áfangamatið fólst í því að nemendur voru fengnir til þess að svara spurningalista um viðhorf þeirra til kennslu og náms á félagsgreinasviði skólans. Reynt var að miða við fimm stiga kvarða ( + + 0 - - ) og var skoðað hvorum megin við 0 svörin féllu; þau svör sem féllu mínus megin voru álitin veikleiki en þau svör sem féllu plús megin voru álitin styrkleiki (Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004). Á vorönninni var verkefnið Starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Verkefnið um íþróttafrekssviðið frá fyrra ári var skoðað frekar. Verkefnið Hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl 2011. Starfsmannasamtöl voru framkvæmd við alla á vorönn 2011. Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var unnið í maí 2011. Sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr skýrslum deilda í júní til ágúst 2011. Útskriftarnemendur voru spurðir um menntun, aðstöðu, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Við lok skólaársins var lagt mat á nokkur helstu markmið skólans í skólasamningi út frá gögnum skólans.

## **Aðferð við mat**

Kennaramatið var eina sjálfsmatsverkefnið sem lagt var fyrir á haustönninni 2010 en þá voru jafnframt aðrir þættir matsins undirbúnir.

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á raungreinasviði sem eingöngu voru kenndir á vorönn. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluaðferðir falla að þörfum nemenda. Spurt var um viðhorf nemenda til áfanga námsefnis, um væntingar og markmið, notkun tímans og viðhorf til kennara (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; PISA 2007; PISA 2009; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 1).

Verkefnið um mötuneyti skólans var á vorönninni 2011. Öllum starfsmönnum skólans og öllum nemendum var boðið að svara fjölvalsspurningum um mötuneytið,

þjónustu og vöruúrval. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að bæta þjónustu mötuneytisins (Sjálfsmatsskýrsla, 2011) (viðauki 2).

Verkefnið Starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna var unnið á vorönninni 2011. Öllum starfsmönnum skólans var boðið að svara fjölvalsspurningum um starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna. Að auki var reynt að draga fram mikilvægi þessara þátta í starfsemi stofnunarinnar. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að meta stöðu starfsmannasamtala, endurmenntunar og þjálfunar starfsmanna skólans (Ómar H. Kristmundsson, 2007) (viðauki 3). Jafnframt fóru allir starfsmenn skólans í starfsmannasamtal á vorönn 2011. Samtölin voru framkvæmd af sviðsstjórum, forstöðumanni mötuneytis, ræstingarstjóra og forstöðumanni starfsbrautar sem ræddu við undirmenn á sínum sviðum en skólameistari tók síðan þennan hóp og þá starfsmenn sem falla utan skilgreindra sviða í samtal. Starfsmenn, sem óskuðu ekki eftir að fara í samtal hjá sínum næsta yfirmanni, gátu fengið samtal við mannauðsstjóra. Þeir aðilar, sem stýrðu starfsmannasamtölum, skráðu meginþætti hvers viðtals fyrir sig. Hver starfsmaður fékk í hendur samantekt af sínu samtali og báðir aðilar undirrituðu. Að loknum samtölum var gerð skýrsla á hverju sviði fyrir sig og fengu skólameistari og mannauðsstjóri eintök af þeim í hendur. Á grundvelli þeirra samantekta og niðurstaðna úr rafrænum könnunum um endurmenntun og þjálfun starfsmanna var fræðsluáætlun næsta skólaárs byggð.

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2011 (viðaukar 8, 9 og 10). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans. (Lög um framhaldsskóla, 2008; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009).

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2011, voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, um félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðauki 4).

Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var lagt fyrir á vinnufundi meðal starfsmanna skólans vorið 2011. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að draga fram helstu styrkleika skólans – hvar hann stendur vel og hvernig má nýta sér slíkar upplýsingar í starfsemi hans. Auk þess var reynt að draga fram mynd af stöðu við vinnu við nýja námskrá skólans (viðauki 5).

Verkefnið Hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl 2011 með sama hætti og áður. Markmiðið með þessum verkefnum er að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá viðhorfum nemenda. Þetta árið var skólasókn skoðuð ásamt verkefninu Heilsueflandi skóli (viðauki 7).

Skólameistari vann talnagögn úr gagnagrunni skólans til að leggja mat á markmið skólasamnings. Sérskýrsla fyrir Flensborgarskólann, *Fyrsta ölvunin*, unnin af Rannsókn og greiningu 2011, var einnig tekin inn og notuð sem gagnagrunnur á lokastigum þess mats.

Aðferðin við matið byggðist á eftirfarandi þáttum:

Þróun matstækja

Vali á þátttakendum

Gagnasöfnun

Greiningu gagna

## **Þróun matstækja**

Við kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki 1). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og fjórum opnum spurningum. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku samkvæmt leiðbeiningum Maxwell (1996a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forprófaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forprófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forprófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Airasian, 2007; Creswell 2001; Miller, 2010; Whitley 1996).

Verkefnið um mótuneyti skólans var lagt fyrir á vorönninni með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Verkefnið byggðist á verkefnum sem unnin hafa verið í sjálfsmati skólans á undanförunum árum (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 2).

Í mati á endurmenntun og þjálfun kennara og starfsmanna var um að ræða hvatningu til endurmenntunar og þjálfunar, tækifæri og aðstöðu til endurmenntunar (Ómar H. Kristmundsson 2007).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní 2011 (viðaukar 7, 8 og 9). Reynt var að fá upplýsingar um þróunar- og nýbreytnistarf innan skólans (Lög um framhaldsskóla 2008; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) auk þess sem sviðsstjórar settu inn liði sem þeim þykir viðeigandi fyrir sérhvert svið.

Nemendur, sem ætluðu að útskrifast vorið 2011, voru spurðir um viðhorf sín til menntunar, aðstöðu til náms, um félaglíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Útskriftarnemendur fengu sendan rafpóst frá skólameistara sem í var krækja á vefsíðu. Á þessari vefsíðu voru nemendur beðnir um að svara fjölvalsspurningum um ofangreinda þætti (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 4).

Verkefnið Hlýtt á starfsmenn var það síðasta sem lagt var fyrir í sjálfsmati skólaárið 2010 – 2011. Kennarar fengu opnar spurningar um hvað hefði gengið vel og hvað væri jákvætt í starfsemi skólans (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009) (viðauki 5). Verkefnið Hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl 2011 og nemendur voru m.a. spurðir um verkefnið Heilsueflandi skóli og skólasóknarkerfi skólans (viðauki 6). Í starfsmannasamtölum á vorönn 2011 var áhersla á umræðu um dagleg verkefni og ábyrgðarsvið, símenntun og fræðslu ásamt líðan í starfi. Ákveðinn viðtalsrammi lá þar til grundvallar.

## Val þáttakenda

Við kennara/áfangamatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum á raungreinasviði skólans (Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009). Öllum kennurum og starfsmönnum var boðin þátttaka í verkefninu Starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna (Ómar H. Kristmundsson 2007; Sjálfsmat skólaárin, 2001 – 2009; Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001). Allir starfsmenn fóru í starfsmannasamtal. Öllum nemendum, sem hætt höfðu á íþróttafrekssviði var boðin þátttaka í því verkefni (Flanagan 1954; 1949). Kennarar voru

beðnir um að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Lög um framhaldsskóla 2008). Verkefnið Hlýtt á kennara/starfsmenn var lagt fyrir á vordögum 2011. Öllum nemendum í ákveðnum töflustokki var boðin þátttaka í verkefninu Hlýtt á nemendur. Öllum útskriftarnemum vorið 2011 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2011. Stjórnendur skólans lögðu mat á framkvæmd skólasamnings eftir skólaárið út frá gögnum sjálfsmatsins, gögnum frá Rannsóknum og greiningu og gögnum úr gagnagrunni skólans.

## Gagnasöfnun

Áfangamatskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2010. Þessi könnun var endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis eru kenndir á vorönn 2011, og fyrir þá áfanga þar sem ekki virtist nægt þátttaka þegar verkefnið var lagt fyrir í nóvember 2010. Verkefnið var unnið rafrænt í gegnum innra net skólans. (Creswell 2001; Miller, 2010; Sjálfsmat skólaárin 2001 - 2009). Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn en enginn kennari nýtti sér það (Framhaldsskólalög 1996; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996b; McKeachie 1999; McNiff 2001).

Starfsmannasamtöl fóru að mestu fram í mars og apríl 2011. Hver starfsmaður fékk um klukkustundarviðtal við sinn næsta yfirmann. Í samtalinu lá fyrir ákveðinn viðtalsrammi en einnig gafst tækifæri til að ræða önnur mál sem viðkomandi aðilar töldu að væri gott að ræða (Viðauki 16).

Þátttakendum í verkefninu um Starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna voru sendar fjölvalspurningar í apríl og maí með aðstoð zoomerang.com. Spurt var um starfsmannasamtölin, nám, reynslu, endurmenntun, hvatningu og aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar (Airasian, 2007, Flanagan 1949;1954; Fullan; 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001; Ómar H. Kristmundsson, 2007; Sjálfsmat skólaárin 2001 – 2009). Öllum útskriftarnemum vorið 2011 var boðin þátttaka í verkefninu Útskriftarnemar vorið 2011. Verkefnið var lagt fyrir í rafrænu formi með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í lok vorannar, 2010 (viðauki 4). Gögnum úr

verkefninu Hlýtt á nemendur var safnað í apríl 2011 (viðauki 6). Gögnum úr verkefninu Hlýtt á kennara var safnað saman eftir vinnufund kennara vorið 2011 (viðauki 5).

Sviðsstjórar sáu um vinnu við skýrslur deilda og var samantekt úr þeim skilað inn í júní 2011. Grunnurinn að skýrslum deilda er sóttur í Lög um framhaldsskóla frá árinu 2008 (viðaukar 7, 9 og 10).

## **Greining gagna**

Eftir að söfnun gagna úr kennara/áfangamatinu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að lesa gögnin, greina þau og búa til tíðnitöflur fyrir hverja spurningu. Skólameistari og sjálfsmatsstjóri sáu um frekari greiningu þessara gagna. Sjálfsmatsstjóri sá um flokkun og greiningu gagna úr verkefninu Starfsmannasamtöl, endurmenntun og þjálfun starfsmanna, mannauðsstjóri flokkaði þau gögn frekar. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna úr verkefninu um mötuneyti skólans, en mannauðsstjóri flokkaði þau gögn frekar í samráði við yfirmann mötuneytis. Sviðsstjórar lásu skýrslur deilda og unnu upplýsingar úr þeim. Aðstoðarskólameistari sá um greiningu gagna úr verkefninu Hlýtt á starfsmenn. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna úr verkefninu Hlýtt á nemendur. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna úr verkefninu Útskriftarnemar vorið 2011. Sjálfsmatsstjóri sá um frekari greiningu gagna frá síðasta ári fyrir verkefnið sem fjallaði um íþróttafrekssviðið. Skólameistari, sviðsstjórar og aðrir sem stýrðu starfsmannasamtölum unnu samantekt úr viðtölunum. Mannauðsstjóri vann síðan lokaskýrslu starfsmannasamtala og fræðsluáætlun. Skólameistari sá um greiningu tölfræðigagna um starfsemi skólans.

## **Útkoma**

Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Niðurstaðan var tekin til umfjöllunar í starfsmannasamtölum við einstaka kennara. Það er mat sjálfsmatshópsins að niðurstaða áfangamatsins hafi í heild sinni verið jákvæð en lítil breyting frá síðasta mati. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í næsta starfsmannasamtali verður farið yfir viðbrögð.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun kennara (EPK) kom í ljós að 76% telja að sú þjálfun sem þeir hafi fengið nýtist vel í starfi; 49% telja að yfirmenn hvetji þá til EPK. Fimmtíu og eitt prósent þátttakenda segjast fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína, t.d. með því að sækja námskeið, og 29% þátttakenda segjast hvött til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun; 37% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Áttatíu og sex prósent þátttakenda segja að undirbúningstími fyrir starfsmannaviðtalið hafi verið hæfilegur, og 85% segja að undirbúningblaðið fyrir viðtalið hafi komið sér vel. Auk þess sem 82% þátttakenda eru ánægð með framkvæmdina á starfsmannaviðtalinu og 77% segja að þeir þættir sem rætt var um hafi verið gagnlegir. Sextíu og sex prósent þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali og 57% segja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS) kom í ljós að 58% þátttakenda segja að sú þjálfun sem þau hafi fengið nýtist vel í starfi og 34% þátttakenda segja að yfirmenn hvetji þau til endurmenntunar og starfsþróunar. Sjötíu og fimm prósent þátttakenda segjast fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína t.d. með því að sækja námskeið; 34% segjast vera hvött til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun og 33% þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Áttatíu og þrjú prósent þátttakenda segja að undirbúningsblaðið fyrir starfsmannaviðtalið hafi komið sér vel og 83% segja að framkvæmdin á starfsmannaviðtalinu hafi verið góð. Níutíu og tvö prósent þátttakenda segja að þeir þættir, sem rætt var, um hafi verið gagnlegir. Sjötíu og fimm prósent þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali og 50% telja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

Skólameistari og mannauðsstjóri fóru yfir ofangreindar niðurstöður EPS hjá kennurum og öðru starfsfólki. Niðurstöðurnar voru bornar saman við samsvarandi könnun frá síðasta ári og þróun milli ára skoðuð ítarlega. Á grundvelli þess voru viðbrögð ákveðin í samráði við aðra stjórnendur og sviðsstjóra. Fræðsluáætlun næsta skólaárs byggist á þessum niðurstöðum ásamt niðurstöðum úr starfsmannasamtölum. Skólameistari þarf að huga sérstaklega að leiðum til að hvetja starfsfólk enn frekar til endurmenntunar og starfsþróunar. Sjá nánar í aðgerðakafli.

Áhersla var lögð á að fylgjast með þróun mötuneytis skólans þar sem í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli var næring áhersluatriði ársins. Innleiðing verkefnisins þýddi breytingu á framboði mötuneytis skólans og óvíst hvernig þeim breytingum yrði almennt tekið. Þegar niðurstöður lágu fyrir úr könnun á mötuneyti skólans meðal nemenda og starfsmanna var fundað með stjórnanda mötuneytis og farið yfir niðurstöður úr fjölvalsspurningum sem og ábendingar úr opnum spurningum. Nokkur misvísun var milli þess sem lesa mátti út úr fjölvalsspurningum og síðan þess sem fram kom í opnum spurningum. Áhersla var lögð á að bregðast strax við þeim ábendingum sem komu fram. Þá voru gerðar vissar breytingar á vöruframboði og áherslum. Þar má nefna aukna fjölbreytni í framboði ávaxta og að gera þá enn sýnilegri í söluborði, meiri áherslu á framboð á grófu brauði, aukna fjölbreytni í samsetningu salatbars og matseðils.

Útskriftarnemendur vorið 2011 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum (92%) en 35% nemenda hyggja á háskólanám haustið 2011. Í mati næsta árs verði jafnframt stefnt að því að skoða sérstaklega t.d. með rýnihópi hvers vegna svo hátt hlutfall nýstúdentna velur að taka sér hlé frá námi.

Í verkefninu hlýtt á starfsmenn kom fram að mat starfsmanna er að ímynd skólans sé jákvæðari en áður. Skipulag á starfsemi skólans sé betra og vinnuandi innan stofnunarinnar sé betri.

Í verkefninu hlýtt á nemendur kom fram að þeir eru meðvitaðir um verkefnið Heilsueflandi skóli og tóku eftir breyttu vöruframboði í mötuneyti skólans. Niðurstaðan er að nemendur vilja val um hollustu í matarræði. Þeir eru almennt mjög jákvæðir gagnvart verkefninu. Þeir telja að með fræðslu og kynningum sé mögulegt að fá þá til að hreyfa sig meira.

Um skólasókn kom fram að það sé kostur að fá einingu vegna viðveru en jafnframt ókostur að missa einingu þegar viðvera er álitin ófullnægjandi. Nemendur benda á að kerfið mætti vera sveigjanlegra og að þeir sem ekki hafi áhuga á náminu mætti illa. Ráp í kennslustundum virðist ekki trufla nemendur mikið og skiptar skoðanir eru um hvort skólasókn eigi að vera hluti af einkunn í áfanga. Nemendur telja að foreldrar séu ekki sáttir við það fyrirkomulag sem er á skilum veikindavottorða vegna veikinda nemenda.

Skýrslur deilda (raungreinasvið). Innleidd var ný leið í stærðfræði fyrir félags- og málabrautir skólans. Námsefni er í meira mæli tekið saman af kennurum og nýtt námsefni var notað í STÆ 403 og STÆ 503. Búið er að breyta NÁT-áföngum þannig að nemendur á náttúrufræðibraut sitja ekki þessa áfanga heldur fara beint í efna-, eðlis jarð- og líffræði. Raungreinakennarar hafa verið í vettvangsnámi og hafa prófað ýmsa nýja kennsluhætti í kjölfar þess. Rætt var hvernig raða ætti nýnemum í byrjunaráfanga þegar samræmd próf vantar og svo virðist sem einkunnir milli grunnskóla séu ekki sambærilegar. Mætingar- og agamál voru mikið rædd innan raungreinasviðsins og kallað eftir endurskoðun á reglum og/eða verklagi.

Skýrslur deilda (málasvið). Töluvert er um nýtt námsefni á málasviði, bæði nýjar námsbækur og eins nýjar nálganir. Þýskudeild hefur smám saman verið að skipta út sínum námsbókum á undanförnum önnum. Kennarar dönsku-og enskudeildar hafa í auknum mæli búið til sitt eigið efni og kennarar í ensku, dönsku, frönsku og spænsku nota mikið efni af netinu til kennslu til viðbótar við hefðbundnar kennslubækur. Þá hafa íslenskukennarar notað ýmsa leiki, einkum til að þjálfra stafsetningu í byrjendahópum. Minna er um að sleppikerfi sé notað, þ.e. að nemendur geti valið um að sleppa lokaprófi ef vinnueinkunn í áfanganum er yfir ákveðnum einkunnamörkum. Ástæðan er að þessari námsmatsaðferð fylgir mikið álag og þá sérstaklega í fjölmönnum námshópum. Þegar kennari nýtir þessa aðferð sé hann í raun með tvöfalt námsmatskerfi í gangi. Það er þó mat kennara að nemendur leggi sig almennt meira fram í náminu þar sem kerfið er notað. Mikið var rætt um erfiðleika með stóra hópa, einkum hægferðarhópa í dönsku og íslensku. Þar hefur álag á kennara aukist mikið vegna fjölgunar í hópum og fall í þeim áföngum er of mikið. Í tengslum við það koma einnig fram ábendingar um að forðast beri að nemendur með „forsögu“ raðist margir í sömu hópum.

Umræða var um röðun nýnema í byrjunaráfanga og þau viðmið sem þar liggja til grundvallar bæði í 103 og 102 áföngum í tungumálum. Lagt til að endurskoða þau viðmið. Ítrekað kemur fram að nemendur hafi illa sinnt námi sínu þennan vetur, einkum á vorönn – mætt illa, skilað verkefnum seint og illa – og almennt sýnt náminu og skólanum lítinn áhuga.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið). Félagsfræðikennarar leggja aukna áherslu á ferilmöppur. Í íþróttum er áherslan í tímum á aukna hreyfingu, meiri ákefð og fjölbreytni í

tímum. Þetta gekk vel og er stefnan að halda þessu áfram þannig að nemendur finni sjálfir að þeir séu í betra formi. Í kjölfar endurskoðunar á íþróttakennslu eru íþróttatímar nú þrisvar í viku í stað tvisvar og skilaði það sér í mælanlegum árangri í þoli margra nemenda. Töluverðar breytingar voru gerðar í lífsleikni milli vor- og haustannar. Teknar voru upp ferlimöppur og reyndist það vel. Þetta verður þróað áfram á næstu önnum. Kennari í matreiðslu vekur athygli á því að það er hægt að virkja þetta fag betur tengd verkefni um heilsueflandi skóla, t.d. með heilsufæðiáfangum. Helsta nýbreytni í sögu samstarf við DAN303 en þar kom sögukennari inn í áfangann og kenndi um sögu Norðurlanda, með sérstakri áherslu á sögu Danmerkur. Í SÁL 313 var samstarf við öldrunarþjónustu Hafnarfjarðar aukin. Nýr framhaldsáfangi var kenndur á árinu í uppeldisfræði, UPP 203. Það vantar bæði ný forrit og uppfærslur fyrir verklegar fjölmiðlagreinar. Gaflarinn.is tók til starfa og flutti fréttir af skólalífinu. Kennarar í UMS 101 funduðu og leggja fram ýmsar tillögur að mögulegum leiðum til að bæta þennan áfanga. Farið er að kenna á nýtt bókhaldskerfi í viðskiptagreinum, netbokhald.is. Kosturinn við þetta er að þetta er einfaldara kerfi en það sem var kennt áður og er einnig aðgengilegt á netinu.

Við skoðun á hvernig hefði tekist til varðandi helstu markmið í skólasamningi var niðurstaðan eftirfarandi:

Við innritun fyrir haustið 2010 voru rúm 95% þeirra sem voru teknir inn úr forgangsskólum í Hafnarfirði. Við upphaf skólustarfs, að teknu tilliti til breytinga sem urðu frá innritunartíma og að teknu tilliti til þeirra sem voru að flytja í Hafnarfjörð reyndust tæp 97% nýnema vera búsett í Hafnarfirði. Skólinn uppfyllir vel sett markmið um að leggja áherslu á að þjóna nemendum í sinni heimabyggð.

Skólinn setur sér það markmið að brottfall ársnemenda innan annar sé minna en 5%. Ef miðað er við fjölda ársnemenda við lok töflubreytingatíma í upphafi annar og síðan þeirra sem skiluðu sér í lokapróf þá var brottfall haustannar 2010 rúm 4,7% en vorannar 2011 rúm 5,2%. Ef brottfall er miðað við nemendur sem voru enn á skrá við lok töflugerðartíma í stað lok töflubreytingartíma er brottfalli rúmu prósentustigi hærra á báðum önnum. Á báðum önnum skýrist rúmur helmingur af brottfalli ársnemenda af nemendum sem ekki skila sér til prófs í einstaka áföngum þrátt fyrir að hafa stundað skólann til loka annar. Þetta er sá hluti brottfalls á önn sem nauðsynlegt er að skoða

sérstaklega og leita leiða til að draga úr. Brotthvarf nemenda úr skóla á önn reynist fyrst og fremst vera vegna erfiðra veikinda eða annarra aðstæðna sem vandséð er að skólinn geti haft mikil áhrif á.

Skólinn setur sér það markmið að hópanýting við upphaf kennslu sé yfir 97% fyrir skólann sem heild. Hópanýting var 98% við upphaf haustannar 2010 en 99% við upphaf vorannar 2011.

Hvað varðar forvarnir hefur skólinn sett sér skýr markmið um almenna heilsueflingu og ekki síst að draga úr reykingum, áfengisneyslu sem og neyslu annarra vímuefna.

Flensborgarskólinn innleiddi fyrstur hugmyndafræði heilsueflandi framhaldsskóla og er þróunarskóli í samstarfi við Landlæknisembættið (áður Lýðheilsustöð) og hófst verkefnið formlega haustið 2010. Skólinn fékk strax í upphafi gullviðurkenningu fyrir næringarþátt verkefnisins sem var áhersluþáttur fyrsta ársins.

Í sérskýrslu fyrir Flensborgarskólann úr rannsókn *Rannsóknar og greiningar* um áfengis-og vímuefnanotkun nemenda í framhaldsskólum kemur fram að verulegur árangur hefur náðst í forvörnum innan Flensborgarskólans á síðustu árum. Hlutfall nemenda, sem reykja daglega, hefur lækkað um 3,4% milli áráanna 2007 og 2010 og hlutfall þeirra sem hafa orðið ölvaðir einu sinni eða oftar lækkar að meðaltali um 10,1% á sama tímabili.

Ef tölur úr rannsókninni frá árinu 2010 eru skoðaðar kemur eftirfarandi í ljós:

Varðandi daglegar reykingar nemenda er meðaltal allra skóla 12,5% en 9,1% í Flensborgarskólanum. Varðandi ölvun síðustu 30 daga er meðaltal allra skóla 55,1% en 46,9% í Flensborgarskólanum.

Hlutfall þeirra sem hafa prófað hass lækkar um 4,4% milli áráanna 2007 og 2010 í Flensborgarskólanum. Varðandi þá sem hafa prófað hass er meðaltal allra skóla 13,1% en 8,7% í Flensborgarskólanum ef tölur frá árinu 2010 eru skoðaðar. Þá kemur fram að hlutfall þeirra sem hafa prófað önnur ólögleg fíkniefni hefur lækkað mikið í öllum aldurshópum í skólanum (Viðauki 16).

Í öllum vímuefnaflokkum liggur meðaltal Flensborgarskólans vel fyrir neðan meðaltal allra framhaldsskóla. Flensborgarskólinn vísar minnst frá meðaltali allra skóla hvað

varðar neyslu á marjúana. Þar er meðaltal allra skóla 23,8% en Flensborgarskólans 21,1% þegar spurt er um fjölda þeirra sem hafa prófað marjúana.

Þrátt fyrir jákvæða þróun í forvarnamálum þá staðfesta þessar tölur að bregðast þarf við aukinni neyslu og viðhorfi gagnvart marjúana í samfélaginu (Viðauki 16).

Allar tölur úr þessari rannsókn, sem sýna samanburð frá árinu 2000, staðfesta mikinn árangur í forvarnamálum í skólanum á undanförunum árum og veitir staðfestingu á því öflugra forvarnastarfi sem hefur verið og er innan skólans. Þessar niðurstöður eru mikil hvatning til að ná enn lengra í þessum málaflokki í skólanum. Innleiðing á hugmyndafræði heilsueflandi framhaldsskóla, sem skólinn er í forystu fyrir á landsvísu, er rökrétt framhald þess starfs sem unnið hefur verið í skólanum á undanförunum árum (Viðauki 16).

Vinna við útfærslu og innleiðingu á nýrri námskrá fyrir skólann hefur verið seinkað frá upphaflegum áætlunum um eitt ár vegna ytri aðstæðna. Markvisst er unnið eftir endurskoðuðum tímaramma.

Skólinn hefur lengi átt í öflugra samstarfi við fjölmarga aðila og stofnanir í sínu nærsamfélagi. Á skólaárinu 2010 – 2011 náðust sett markmið við að auka þetta samstarf enn frekar, m.a. í tengslum við öflugra uppbyggingu foreldrastarfs við skólann, aukið samstarf við íþróttahreyfinguna vegna íþróttafrekssviðs skólans og ekki síst vegna samvinnu á grundvelli verkefnisins Heilsueflandi framhaldsskóli.

Vinna við endurmat á sjálfsmatsferlinu innan skólans sem og endurskoðun á skipuriti og ábyrgðartöflu er nokkurn veginn á áætlun og á að ljúka fyrir árslok 2011.

Markmið um jöfnuð í rekstri skólans innan árs náðist ekki á árinu 2010. Um mitt ár 2010 lá fyrir greining á rekstrarvanda skólans sem unnin var út frá talnagrunni ársins 2009. Við allar aðgerðir og áætlanir síðan hefur verið litið til þeirrar úttektar til að finna lausn á rekstrarvanda skólans til skemmri og lengri tíma. Þrátt fyrir það eru horfur í rekstri ekki góðar og ljóst að skoða þarf og endurmeta ýmsar forsendur í rekstri skólans enn frekar.

## Niðurstöður/Umræða

Áfangamatið var lagt fyrir á raungreinasviði skólans í lok haustannar 2010 og endurtekið í lok vorannar fyrir þá áfanga sem ekki voru kenndir á haustönn og fyrir þá áfanga sem ekki virtist nægt þátttaka í þegar verkefnið var lagt fyrir í nóvember 2010.

Útkoman bendir ekki til þess að þörf sé sérstakra aðgerða fyrir raungreinasvið skólans. Í heild er niðurstaðan mjög jákvæð en jafnframt koma fram nokkrar ábendingar sem þarf að vinna með einstaka kennurum. Fram kemur að nemendur fá reglulega vitnisburð um námslega stöðu sína. Nemendur segja að námsefnið sé þeim ekki erfitt. Markmið áfanganna séu vel útskýrð og námsefnið falli vel að markmiðum áfanganna. Kennarar nýti kennslustundirnar vel og auðvelt sé að spyrja spurninga í tímum. Nauðsynlegt er að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu en nemendur eru ekki alveg tilbúnir til að viðurkenna að þeir búi sig vel undir tíma. Kennarar fylgi kennsluáætlunum vel eftir, nemendur eru ánægðir með kennara og áfangarnir á raungreinasviði eru góðir.

Í matsyfirliti þessarar skýrslu kemur fram útkoma úr lokuðu spurningunum í áfangamatinu. Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Stjórnendur áttu viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmatshópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið mjög jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Í opnum spurningum matsins komu fram ábendingar um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði útkomuna ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð. Í opnum spurningum um áfanga eða kennaramatið gerðu nemendur oftast athugasemdir við námsefni áfanganna. Niðurstaðan var tekin til umfjöllunar í starfsmannasamtölum.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun kennara (EPK) kom í ljós að 76% (78%) telja að sú þjálfun, sem þeir hafi fengið, nýtist vel í starfi; 49% (46%) telja að yfirmenn hvetji þá til EPK. (Tölur innan sviga sýna niðurstöðu úr samsvarandi könnun á síðasta ári).

Fimmtíu og eitt prósent þátttakenda (56%) segjast fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína, t.d. með því að sækja námskeið, og 29% (30%) þátttakenda segjast hvött til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun; 37% (37%) þátttakenda segjast hafa góða aðstöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Áttatíu og sex prósent þátttakenda

(67%) segja að undirbúningstími fyrir starfsmannaviðtalið hafi verið hæfilegur, og 85% (60%) segja að undirbúningblaðið fyrir viðtalið hafi komið sér vel. Auk þess sem 82% (56%) þátttakenda eru ánægð með framkvæmdina á starfsmannaviðtalinu og 77% (47%) segja að þeir þættir, sem rætt var um, hafi verið gagnlegir. Sextíu og sex prósent þátttakenda (56%) telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali og 57% (50%) segja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun.

Niðurstaðan sýnir að viðhorf til starfsmannasamtala batnar mikið milli ára og því rétt að halda áfram að þróa þau innan skólans og gera þau að því tæki sem þeim er ætlað að verða. Stjórnendur þurfa að huga betur að hvatningu til endurmenntunar kennara almennt og endurmeta notkun og nýtingu þeirra takmörkuðu miðla sem eru til ráðstöfunar á þessu sviði.

Við skoðun á endurmenntun og þjálfun starfsmanna (EPS) kom í ljós 58% (66%) þátttakenda segja að sú þjálfun, sem þau hafi fengið, nýtist vel í starfi og 34% (53%) þátttakenda segja að yfirmenn hvetji þau til endurmenntunar og starfsþróunar. Sjötíu og fimm prósent þátttakenda (67%) segjast fá tækifæri til að bæta við þekkingu sína, t.d. með því að sækja námskeið; 34% (40%) segjast vera hvött til að eiga frumkvæði að endurmenntun og starfsþróun og 33% (27%) þátttakenda segjast hafa góða aðlöðu til endurmenntunar og starfsþróunar. Áttatíu og þrjú prósent þátttakenda (60%) segja að undirbúningsblaðið fyrir starfsmannaviðtalið hafi komið sér vel og 83% (73%) segja að framkvæmdin á starfsmannaviðtalinu hafi verið góð. Níutíu og tvö prósent (79%) þátttakenda segja að þeir þættir, sem rætt var um hafi, verið gagnlegir. Sjötíu og fimm prósent (87%) þátttakenda telja það jákvætt að eiga kost á árlegu starfsmannaviðtali og 50% (80%) telja að starfsmannaviðtöl geti haft góð áhrif á starfsþróun. Stjórnendur þurfa að huga að hvatningu til annarra starfsmanna en kennara til endurmenntunar og leita leiða til að efla möguleika þeirra til að sækja endurmenntun sem nýtist þeim í starfi. Sérstaklega þarf að skoða möguleika til starfsþróunar hjá þessum hópi starfsmanna.

Áhersla var lögð á að fylgjast með þróun mötuneytis skólans þar sem í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli var næring áhersluatrið ársins. Innleiðing verkefnisins þýddi breytingu á framboði mötuneytis skólans og óvíst hvernig þeim breytingum yrði almennt tekið. Þegar niðurstöður lágu fyrir úr könnun á mötuneyti skólans meðal nemenda og

starfsmanna var fundað með stjórnanda mötuneytis og farið yfir niðurstöður úr fjölvalsspurningum sem og ábendingar úr opnum spurningum. Nokkur misvísun var milli þess sem lesa mátti út úr fjölvalsspurningum og síðan þess sem fram kom í opnum spurningum. Almennt mátti greina mjög jákvæð viðbrögð við þeim áherslubreytingum sem höfðu orðið á framboði mötuneytisins, sérstaklega tilkomu salatbars og aukinni áherslu á mat sem unnin væri frá grunni innan mötuneytisins.

Áhersla var lögð á að bregðast strax við þeim ábendingum sem komu fram. Í framhaldinu voru gerðar vissar breytingar á vöruframboði og áherslum. Þar má nefna aukna fjölbreytni í framboði ávaxta og að gera þá enn sýnilegri í söluborði, meiri áherslu á framboð á grófu brauði, aukna fjölbreytni í samsetningu salatbars og matseðils.

Útskriftarnemendur vorið 2011 segjast sáttir við þá menntun, aðstöðu til náms og félagslífs sem þeir njóta í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Almennt eru nemendur ánægðir með veru sína í skólanum eða 92% en 35% (29% sl. ár) nemenda hyggja á háskólanám strax haustið 2011. Hins vegar benda frekari upplýsingar til þess að 45-50% útskriftarnema hefji háskólanám strax að loknu stúdentsprófi (Hreinn Pálsson og Róbert H. Haraldsson, 2011). Þessar niðurstöður gefa tilefni til að skoða nánar hvað veldur því að nemendur kjósa að taka sér hlé frá námi og jafnframt hvort og þá hvenær þeir skila sér aftur til frekara náms.

Í verkefninu Hlýtt á starfsmenn kom fram það mat starfsmanna að ímynd skólans sé jákvæð og fari batnandi. Skipulag á starfsemi skólans sé betra og vinnuandi innan stofnunarinnar sé betri. Það er ánægjulegt ef ímynd skólans er að batna og vinnuandi og skipulag sé betra. Niðurstaðan er hvatning til að halda áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð.

Í verkefninu Hlýtt á nemendur kom fram að þeir eru meðvitaðir um verkefnið Heilsueflandi skóli og tóku eftir breyttu vöruframboði í mötuneyti skólans. Aftur á móti virðist sem nemendur vilji val um hollustu í matarræði. Nemendur telja að með fræðslu og kynningum sé mögulegt að fá þá til að hreyfa sig meira. Um skólasókn kom fram að það sé kostur að fá einingu vegna viðveru en jafnframt ókostur að missa einingu þegar viðvera er álitin ófullnægjandi. Nemendur benda á að kerfið mætti vera sveigjanlegra og benda á að huga þurfi að fleiri þáttum en reglum þegar skólasókn er skoðuð og metin. Hvers vegna sjá nemendur ekki ástæðu til að mæta betur í kennslustundir? Ráp í

kennslustundum virðist ekki trufla nemendur mikið og skiptar skoðanir eru um hvort skólasókn eigi að vera hluti af einkunn í áfanga. Fram kemur hjá nemendum að þeir telja að foreldrar séu ekki sáttir við þá útfærslu sem er á skilum veikindavottorða til skólans.

Niðurstöður úr verkefninu Hlýtt á nemendur eru mikilvægt innlegg í þær umræður og aðgerðir sem gripið var til varðandi skólasókn og þróun verkefnisins Heilsuefliandi framhaldsskóli.

Skýrslur deilda (raungreinasvið). Innleidd var ný leið í stærðfræði fyrir félags- og málabrautir skólans. Námsefni er í meira mæli tekið saman af kennurum og nýtt námsefni var notað í STÆ 403 og STÆ 503. Búið er að breyta NÁT-áföngum þannig að nemendur á náttúrufræðibraut sitja ekki þessa áfanga heldur fara beint í efna-, eðlis-, jarð- og líffræði. Raungreinakennarar hafa verið í vettvangsnámi og hafa prófað ýmsa nýja kennsluhætti í kjölfar þess. Rætt var hvernig raða ætti nýnemum í byrjunaráfanga þegar samræmd próf vantar og svo virðist sem einkunnir milli grunnskóla séu ekki sambærilegar. Mætingar- og agamál voru mikið rædd innan raungreinasviðsins. Lagt er til að kennarar á raungreinasviði skoði útkomuna vel og meti til hvaða aðgerða skuli grípa.

Það er áhyggjuefni ef niðurskurður fer að hafa veruleg áhrif á starfsskilyrði kennara og nemenda við skólann.

Skýrslur deilda (málasvið). Töluvert er um nýtt námsefni á málasviði, bæði nýjar námsbækur og eins nýjar nálganir. Þýskudeild hefur smám saman verið að skipta út sínum námsbókum á undanförunum önnum. Kennarar dönsku og enskudeildar hafa í auknum mæli búið til sitt eigið efni og kennarar í ensku, dönsku, frönsku og spænsku nota mikið efni af netinu til kennslu til viðbótar hefðbundnum kennslubókum. Þá hafa íslenskukennarar notað ýmsa leiki, einkum til að þjálfra stafsetningu í byrjendahópum. Minna er um að sleppikerfi sé notað. Margir kennarar eru hættir að nota það og tala um mikið álag við annarlök því samhliða. Reyndar kemur einnig fram að nemendur leggi sig ekki eins fram við skyndipróf og í sleppikerfinu. Mikið er rætt um erfiðleika með stóra hópa, einkum hægferðarhópa í dönsku og íslensku. Þar hefur verið mikið álag á kennurum og fall í þeim áföngum er mikið. Í tengslum við það koma einnig fram ábendingar um að forðast beri að nemendur með „forsögu“ raðist margir í sömu hópana. Umræða var um röðun nýnema í byrjunaráfanga og þau viðmið sem þar liggja til

grundvallar við röðun nemenda inn í bæði 103 og 102 áfanga. Ítrekað kemur fram hjá kennurum á málasviði að of margir nemendur hafi illa sinnt námi sínu þennan vetur, einkum á vorönn – mætt illa, skilað verkefnum seint og illa – og almennt sýnt náminu og skólanum lítinn áhuga.

Skýrslur deilda (félagsgreinasvið). Félagsfræði kennarar leggja aukna áherslu á ferilmöppur. Í íþróttum er áherslan í tímum á aukna hreyfingu, meir ákefð og fjölbreytni í tímum. Þetta gekk vel og er stefnan að halda þessu áfram þannig að nemendur finni sjálfir að þeir eru í betra formi. Íþróttatímar urðu þrisvar í viku í stað tvisvar á vorönn og skilaði það sér í mælanlegum árangri í þoli margra nemenda. Töluverðar breytingar voru gerðar í lífsleikni milli vor- og haustannar. Teknar voru upp ferilmöppur og reyndist það vel. Þetta verður þróað áfram á næstu önnum.

Kennari í matreiðslu vekur athygli á því að það er hægt að virkja þetta fag betur tengd verkefni um heilsuefandi skóla, t.d. með heilsufæðiáfangi. Helsta nýbreytni í sögu var samstarf við DAN 303 en þar kom sögukennari inn í áfangann og kenndi sögu Norðurlanda, með sérstaka áherslu á sögu Danmerkur. Í SÁL 313 var samstarf við öldrunarþjónustu Hafnarfjarðar aukin. Nýr framhaldsáfangi var kenndur á árinu í uppeldisfræði, UPP 203.

Mikil þörf er á að uppfæra tölvuforrit og kaupa ný forrit fyrir kennslu í verklegum fjölmiðlagreinum. Gaflarinn.is tók til starfa og flutti fréttir af skólalífinu.

Kennarar í UMS 101 funduðu og leggja fram ýmsar tillögur að mögulegum leiðum til að bæta þennan áfanga.

Farið er að kenna á nýtt bókhaldskerfi í viðskiptagreinum, netbokhald.is. Kosturinn við þetta er að þetta er einfaldara kerfi en það sem var kennt áður og er einnig aðgengilegt á netinu.

Niðurstaða skýrslna frá einstaka sviðum ber með sér að mikil gróska er innan skólans við endurmat og endurskipulag á námi. Vinna við útfærslu á nýrri námskrá er í gangi og því mikilvægt að hlúa að þeirri vinnu áfram og leggja mat á þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar. Í skýrslum sviða kemur fram að knýjandi þörf er á endurnýjun og endurbótum á tölvum og tölvukerfi skólans sem verður að bregðast við.

Skýrslur frá einstaka kennslusviðum innan skólans mynda mikilvægan gagna- og upplýsingabrunn fyrir stjórnendur skólans varðandi starfsemina, hvar skórinn kveppir og

mótar forgangsröð úrbótaaðgerða. Þessi skýrslugerð er því einn af hornsteinum innra mats skólans.

Við mat á nokkrum helstu markmiðum í skólasamningi kemur í ljós að skólinn skilar miklum árangri á nær öllum sviðum. Niðurstaðan sýnir að það er fyrst og síðast markmið varðandi rekstrarafkomu skólans sem ekki næst. Það er alvarleg niðurstaða sem kallar á enn frekari skoðun og aðgerðir því núverandi staða er farin að hafa verulega neikvæð áhrif á alla starfsemi skólans og uppbyggingarstarf margra undanfarinna ára í stoðþjónustu og forvarnamálum er komin í verulega hættu.

## **Lokaorð, umræða og ábendingar**

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2010 – 2011 fór fram áfangamat fyrir raungreinasvið skólans og skólaárið 2011 – 2012 er áætlað áfangamat fyrir málasvið skólans. Útskriftarnemar skólans á vorönn hafa verið spurðir um menntun, aðstöðu til náms og félagslíf í skólanum. Auk verkefnisins Hlýtt á starfsmenn var reynt að meta stöðu endurmenntunar og þjálfunar starfsmanna og í verkefninu Hlýtt á nemendur var reynt að draga fram ábendingar varðandi skólasókn og verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem Flensborgarskólinn er þróunarskóli. Unnið var að mati á íþróttafrekssviði skólans sem og viðhorfi nemenda og starfsmanna á mötuneyti skólans og þeim breytingum sem þar hafa verið gerðar. Einnig var reynt að leggja mat á hvernig skólanum tekst að uppfylla markmið skólasamnings í ljósi gagna úr sjálfsmatsferlinu og gagnagrunni skólans. Á næsta ári verður lagður aukinn þungi á þennan þátt í sjálfsmati skólans.

Það er álit sjálfsmatsstjóra að vinna við sjálfsmat skólaárið 2010 - 2011 hafi gengið vel. Vinna við sjálfsmat þarf að vera í sífelldu endurmati til að hindra stöðnun og þess sé gætt að leggja sem víðtækasta mælikvarða á starfsemina. Verkefni, sem unnin eru, bjóða upp á mismunandi aðferðafræði og mikilvægt er að finna viðurkenndar leiðir sem henta hverju verkefni fyrir sig. Sem dæmi um önnur verkefni en hefðbundið áfanga/kennaramat fyrir skólaárið 2010 – 2011 má nefna áframhaldandi mat á íþróttum. Undirbúningur að þessum verkefnum er þegar hafinn og útkoma úr þeim ætti að koma fram í sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2011 – 2012.

Í sumum tilfellum er þátttaka nemenda í rafrænu mati mjög lítil og er það áhyggjuefni. Hins vegar hafa óformlegar athuganir leitt í ljós að vera megi að námsnet skólans sé ekki mikið notað í þeim tilfellum þar sem þátttaka nemenda í áfanga/kennaramati skólans er mjög lítil. Fjöldi þátttakenda í rafrænu áfanga/kennaramati í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði virðist vera um það bil 50% að meðaltali. Hins vegar virðist þátttakan í hefðbundnu áfanga/kennaramati vera nálægt 80% til 85% að meðaltali. Mælingar í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði benda til þess að ekki sé marktækur munur á útkomu úr rafrænu mati og hefðbundnu mati. Með öðrum orðum, rafræna matið veitir sömu upplýsingar og hefðbundna matið. Í grein sinni “Online Evaluations: Fewer of Them, but Same Results” gerir Mary Helen Miller samanburð á hefðbundnu mati fyrir 271,727 hópa annars vegar og rafrænu mati fyrir 13,101 hóp hins vegar. Miller skrifar að eini merkjanlegi munurinn á hefðbundna matinu og rafræna matinu sé sá að þeir nemendur, sem fá rafrænt mat, meta sína kennara betur í upplýsingatækni en þeir nemendur sem svara með hefðbundnum hætti með blaði og blýanti (Miller, 21. maí, 2010). Þrátt fyrir þessar upplýsingar er ekki rétt að taka minni þátttöku í rafrænum könnunum af léttúð og muna að betri þátttaka styður áreiðanleika sjálfsmatsins.

Við úrvinnslu gagna kemur í ljós að þörf er á að fylgja betur eftir að allir kennarar skili inn skýrslum um þá áfanga sem þeir kenna sem aftur mynda grunn fyrir skýrslur deilda og sviða. Þó allir kennarar noti Námsnet skólans eitthvað þarf að huga sérstaklega að því að allir noti það með markvissum samræmdum hætti í öllum áföngum.

Það er mikilvægt að ljúka við endurmat og endurskoðun á sjálfsmatsferli skólans með það að markmiði að tengja sjálfsmatsferlið enn betur við árangursmælikvarða í skólasamningi skólans við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

## Heimildir

- Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.
- Airasian, P.W., Gay, .L.R., Geoffrey, E. M. (2007) *Educational Research – Competencies for Analysis and Applications*. Prentice Hall. MJ.
- Angelo, T.A., & Cross, K.P. (1994). *Classroom Assessment Techniques: A Handbook for College Teachers*. Jossey-Bass. San Francisco. USA.
- Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.
- Creswell, J.W. (2002). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.
- Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.
- Doran, H.C. (2004). Adding Value to Accountability. *Educational Leadership*. 61 (3), Nov. 55- 59.
- Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.
- Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.
- Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.
- Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. Educational Leadership. Feb. 57-59.
- . (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evalutaion*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.
- Hreinn Pálsson og Róbert H. Haraldsson. (2011). Gagnasafn vegna fundar með skólameistörum framhaldsskóla 9. Maí 2011. Háskóli Íslands, Kennslusvið 2011.
- <http://www.zoomerang.com>
- Lög um framhaldsskóla frá 2008. Alþingi. Nr. 92. 12. júní.
- Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.

- Maxwell, B (1996) (a). "Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.
- Miller, H.M. (21 maí, 2010). Online Evaluation: Fewer of them, but same results. *The Chronicle of Higher Education*. Vol. LVI, no. 36.  
[http://chronicle.texterity.com/chronicle/20100521a?pg=12&search\\_term=Online Evaluation&search\\_term=Online Evaluation#pg12](http://chronicle.texterity.com/chronicle/20100521a?pg=12&search_term=Online%20Evaluation&search_term=Online%20Evaluation#pg12). Sótt á veraldarvefnn í maí, 2010.
- Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). "Translation Verification Procedures" í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.
- McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.
- Ómar H. Kristmundsson. (2007). Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006, niðurstöður. Fjármálaráðuneytið.
- PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development.  
<http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.
- . (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development.  
<http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.
- . (2007). *Science Competencies for Tomorrow's World. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development.  
<http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/15/13/39725224.pdf>. Sótt á veraldarvefnn vorið 2009.
- . (2009). *Assessment Framework: Key competencies in reading, mathematics and*

science. Organization for Economic Co-Operation and Development.  
<http://www.oecd.org/dataoecd/11/40/44455820.pdf>. Sótt á veraldarvefinn vorið 2011.

Rannsóknir og greining. (2011). *Fyrsta ölvunin. Flensborgarskóli*. Umhverfi og félagslegt samhengi fyrstu ölvunar meðal 15-19 ára nema í Flensborg og samanburður mælinga á vímuefnaneyslu framhaldsskólanema á Íslandi og Flensborg 2000 - 2010

Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.

---. Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.

---. Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.

---. Sjálfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.

---. Sjálfsmat skólaárið 2005-2006. (2006). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2005-2006.

---. Sjálfsmat skólaárið 2006-2007. (2007). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2006-2007.

---. Sjálfsmat skólaárið 2007-2008. (2008). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2007-2008.

---. Sjálfsmat skólaárið 2008-2009. (2009). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2008-2009

---. Sjálfsmat skólaárið 2009-2010. (2010). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2008-2009

Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*. Mayfield Publishing Company. Mountain View, CA. USA.